

Stjórnarfundur Myndlistarmiðstöðvar

04.10.2024

Kl. 10:00

Austurstræti 5

Boðuð á fund:

Elísabet Gunnarsdóttir, formaður, tilnefnd af listasöfnum

Ingibjörg Sigurjónsdóttir, tilnefnd af Menningarmálaráðherra

Margrét Áskelsdóttir, tilnefnd af Listfræðafélagi Íslands

Pétur Thomsen, ritari, tilnefndur af Samtökum íslenskra myndlistamanna

Örn Alexander Ámundason, tilnefndur af Samtökum listamannarekinna

myndlistarrýma

Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður Myndlistarmiðstöðvar

Fundardagskrá:

1. Valferli, fagráð kynnr niðurstöðu dómnefndar

Fagráð Myndlistamiðstöðvar fór yfir vinnuna við val á listamanni fyrir Feneyjatvíæringinn 2026 og stjórn kynnt niðurstaðan. Ásamt fagráðinu komu tveir erlendir sýningastjórar að valinu. Almenn ánægja er með valferlið.

2. Greiðslur til fagráðs fyrir valnefndarvinnu

Rætt var um upphæð greiðslna til fagráðsins vegna vinnu við valið. Ákveðið var að miða við tímakaup starfsfólks Myndlistarmiðstöðvar.

3. Verkefni framundan

Forstöðumaður fór yfir þau fjölmörgu verkefni sem Myndlistarmiðstöð vinnur að. Þar má nefna viðburðinn *Outside looking in inside looking out* í París, ferð starfsmanna til Oslóar til fundahalda meðal annars við systurstofnun MM og norska listskreytingasjóðinn, málþing í desember næstkomandi og heimsókn Fabrice Hyber á Talk Series. Einnig hefur MM gert nýjan fimm ára samning um fjármögnun á vinnustofudvöl við Kunstlerhaus Bethanien.

4. Val á sýningarstjóra

Margrét Áskelsdóttir, fulltrúi Listfræðafélags Íslands, vék af fundi undir þessum lið.

Ræddar voru ýmsar mögulegar leiðir á sýningarstjórnun íslenska skálans á Feneyjatvíæringnum 2026, til dæmis sýningarnefnd, samstarf innlands og erlends sýningarstjóra eða að velja einn sýningarstjóra.

Stjórn MM telur mikilvægt að íslenskur sýningarstjóri komi að verkefninu til að auka reynslu og þekkingu innlendra aðila á þessu sviði.

Ekki var tekin ákvörðun um hvaða leið skyldi valin, ákveðið var að bíða með það fram yfir áramót enda tíminn rúmur.

5. Önnur mál

Stjórnarformaður sagði frá fyrirhuguðu málþingi Félag listasafna um styrkjaumhverfi listasafna. Það verður haldið 21. nóvember næstkomandi í Hafnarhúsinu. Innlendir og erlendir aðilar verða með framsögu á þinginu og taka þátt í pallborðsumræðum.

Á ný afstaðinni ráðstefnu um virði skapandi greina var minnt á að skattafríðindi vegna almannaheillafélaga eru vannýtt af menningartengdum félögum. Örfá myndlistarfélög eru skráð sem almannaheillafélög. En sú skráning gerir félögum kleift að taka við styrkjum frá fyrirtækjum sem í staðin fá afslátt af sköttum.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 11:30